

5. gr.

Kaupgreiðendum ber skylda til að halda eftir af kaupi starfsmanna til útsvarsgreiðslu samkvæmt þessum reglum, á sama hátt og með sömu viðurlögum og gilda um almenna útsvarsinnheimtu, með þeim breytingum, sem leiða af ákvæðum 2. gr.

Kaupgreiðendum er skylt að halda eftir útsvarsgreiðslum greiðsluskyldra starfsmanna, sem þeir hafa greitt fyrir útsvör ársins 1942, án þess að tilkynna þurfi þeim sérstaklega, á annan hátt en með birtingu þessara reglna.

6. gr.

Nú verður ljóst, eftir aðalniðurjöfnun 1943, að greiðslur gjaldþegns á 45% af útsvari 1942 samkvæmt reglum þessum, nema hærri fjárhæð en álagt útsvar 1943, og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt hefur verið með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta út mánuði, sem upphæðin hefur verið í vörzlu bæjarsjóðs, eftir rétta gjalddaga, að meðtöldum 15 daga frestinum samkv. 3. gr.

7. gr.

Að lokinni aðalniðurjöfnun árið 1943 skal dregið frá útsvarsupphæð hvers gjaldþegns það, sem honum ber að greiða samkvæmt reglum þessum, og jafna því, sem umfram verður, á lögákveðna gjalddaga, að viðlögðum gildandi sektarákvæðum um dráttarvexti.

Það sem vangreitt kann að vera samkvæmt reglunum, má innheimta þegar í stað, hjá kaupgreiðanda, eða á hvern annan löglegan hátt, og ber að greiða af því dráttarvexti frá gjalddögum samkvæmt reglum þessum.

8. gr.

Lögtak má gera fyrir vangoldnum útsvarsgreiðslum samkvæmt reglum þessum, eftir þeim ákvæðum, sem gilda um lögtök fyrir vangoldnum opinberum gjöldum.

9. gr.

Bæjarstjórn auglýsir reglur þessar í dagblöðum bæjarins, auk þess sem þær verða birtar í Lögbirtingabladinu, en aðrar tilkynningar eða auglýsingar þarf ekki að birta gjaldendum eða kaupgreiðendum.

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt lögum 26. febr. 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1943, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1943.

Jóhann Sæmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá héraðslækna.

Frá og með 1. marz þ. á. og þangað til öðruvísi verður ákveðið, hækka allir liðir gjaldskrár héraðslækna (sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2 11. jan. 1933) um 100%.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 1. marz 1943.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.